

Mættir: Kristján Geirsson, Ragnheiður Garðarsdóttir, Helga Erla Albertsdóttir, Davíð Heimisson, Arnar Stefánsson og Inga Brynja Magnúsdóttir.

Fjarverandi: Magnús Andrésdóttir og Magnús Ragnarsson.

Heiðarskóli 8. janúar 2018 kl. 19:30. Fundargerð Helga Erla Albertsdóttir

---

**Dagskrá:**

1. Staða jólaföndurs
2. Staða fjármála
3. Gjafir / styrkir
4. Verkefni vetrarins
  - Kvöldverður / árshátíð mars - apríl
  - Heiðarleikar / sumarhátíð maí
  - Aðalfundur maí
5. Önnur mál

Inga Brynja Magnúsdóttir er nýr stjórnarmaður í Foreldrafélagi Heiðarskóla og var hún boðin velkomin.

**1. Staða jólaföndurs**

Jólaföndur Foreldrafélags Heiðarskóla var haldið 30. nóvember 2017 og var jólaföndrið mjög vel sótt. Í jólaföndri nú var gerð breyting á úrvali jólaföndurs og var ánægja meðal nemenda og foreldra / forráðamanna með þær breytingar. Sala var góð og seldust jólakúlur einstaklega vel. Umræður um jólaföndrið og uppgjör.

**2. Staða fjármála**

Staða á bankareikningi 8. janúar 2018 var kr. 239.593.

**3. Gjafir / styrkir**

Á þessi skólaári 2017-2018 hefur nú þegar verið styrkt verkefnið Skáld í skólum. Engar frekari fyrirspurnir um styrki hafa verið gerðar til Foreldrafélags Heiðarskóla.

**4. Verkefni vetrarins**

- Kvöldverður / árshátíð - apríl  
Munum gefa blóm til útskriftarnemenda eins og áður við kvöldverð þeirra og er hafin vinna við að skoða það.
- Heiðarleikar / sumarhátíð - maí  
Heiðarleikar verða haldnir í lok maí og mun sumarhátíð Foreldrafélags Heiðarskóla verða á sama tíma eins og síðustu ár. Umræður voru um sumarhátíðina, veitingar og upptökur.
- Aðalfundur - maí  
Áætlað er að hafa aðalfund Foreldrafélags Heiðarskóla 24 maí 2018.

## 5. Önnur mál

Engin önnur mál.

*Fundi slitið 20:15*